

**Fundargerð 21. fundar  
Bæjarstjórnar  
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,  
5. febrúar 2020 , kl. 17:30.**

**Fundinn sátu:**

Einar Jón Pálsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Haraldur Helgason, Ólafur Þór Ólafsson, Laufey Erlendsdóttir, Fríða Stefánsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Pálmi Steinar Guðmundsson, Daði Bergþórsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

**Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir**, staðgengill bæjarstjóra.

**1. Fjárhagsáætlun 2020 - viðaukar - 2001039**

Á 40. fundi bæjarráðs var viðauki um framlög til íþróttafélaga samþykktur og vísað til bæjarstjórnar til samþykktar.

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

**2. Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun 2018-2022 - 1903067**

Á 40. fundi bæjarráðs var minnisblað frá bæjarstjóra og sviðsstjóra stjórnsýslusviðs tekið fyrir og samþykkt að tilnefna sviðsstjóra stjórnsýslusviðs sem jafnréttisfulltrúa Suðurnesjabæjar.

*Til máls tók: ÓÞÓ*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

**3. Gjaldskrá: Sandgerðishöfn - 1806805**

Á 40. fundi bæjarráðs var gjaldskrá Sandgerðishafnar 2020 samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

**4. Heilsueflandi samfélag í Suðurnesjabæ - 2001072**

Á 41. fundi bæjarráðs var tillaga um skipun stýrihóps Heilsueflandi samfélags í Suðurnesjabæ tekin fyrir og samþykkt.

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

**5. Suðurnesjabær - greining rekstrar og starfsemi - 2001070**

Á 41. fundi bæjarráðs var minnisblað bæjarstjóra um greiningu og rekstur á starfsemi sveitarfélagsins tekið fyrir og samþykkt.

*Til máls tóku: ÓÞÓ og HH*

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða og bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.*

**6. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2019-2020 - 1910088**

Á 41. fundi bæjarráðs var samþykkt að óska eftir við atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti að þar sem ekki er löndunarhöfn í byggðarlaginu Garði, verði fullgilt að fiskiskip sem þar eru skráð og fá úthlutað byggðakvóta, landi afla sem telst til byggðakvóta í öðru byggðarlagi, en til vinnslu í byggðarlaginu Garði.

*Til máls tóku: PSG, EJP, MSM, HS, DB, FS og ÓÞÓ.*

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

**7. Suðurnes-samstarf um heimsmarkmið SP - 1902040**

Á 41. fundi bæjarráðs var minnsblað frá sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs um samstarf um heimsmarkmið á Suðurnesjum tekið fyrir og samþykkt að fela sviðsstjóra að fylgja minnisblaðinu eftir.

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða og sviðsstjóra falið að vinna eftir minnisblaðinu.*

**8. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 breytingar - 1901001**

Á 41. fundi bæjarráðs var tillaga um breytingu á svæðisskipulagi Suðurnesja tekin fyrir. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við breytingar á svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024.

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða. Bæjarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytingar á svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024.*

**9. Suðurnesjabær - afskriftir - 2001084**

Á 41. fundi bæjarráðs var tillaga um ráðstöfun af niðurfærslureikningi vegna gamalla krafna tekin fyrir og samþykkt.

*Til máls tók: MSM.*

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

**10. Aðalskipulag Suðurnesjabæjar - 1807035**

Dómnefndarálit nefndar um mótun nýs aðalskipulags fyrir sameinað sveitarfélag auk fundargerða dómnefndar.

*Til máls tóku: EJP, FS, MSM og HH.*

*Afgreiðsla:*

*Tillaga sviðsstjóra Skipulags- og umhverfissviðs um að gengið verði til samninga við Verkís ehf um gerð nýs aðalskipulags fyrir Suðurnesjabæ samþykkt samhljóða.*

**11. Bæjarráð - 40 - 2001007F**

Fundur dags. 15.01.2020.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

- 11.1 2001039 - Fjárhagsáætlun 2020 - viðaukar
- 11.2 1912055 - Málefni SSS
- 11.3 2001028 - Keilir - húsnæðismál
- 11.4 1903067 - Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun 2018-2022
- 11.5 1806571 - Tjarnargata 4 Skýlið
- 11.6 1806805 - Gjaldskrá: Sandgerðishöfn
- 11.7 1812031 - Sandgerðishöfn - framkvæmdir og starfsemi hafnarinnar
- 11.8 1910088 - Byggðakvóti fiskveiðiárið 2019-2020
- 11.9 1902008 - Sýslumaðurinn á Suðurnesjum umsókn um tækifærileyfi - ósk um umsögn

## **12. Bæjarráð - 41 - 2001016F**

Fundur dags. 29.01.2020.

*Til máls tóku: EJP og HH.*

*Afgreiðsla:*

*Fundargerð lögð fram.*

*Bæjarstjórn tekur undir bókun frá 41. fundi bæjarráðs og lýsir ánægju með niðurstöður þjónustukönnunar Gallup sem framkvæmd var í lok árs 2019 og í byrjun árs 2020 á meðal 20 stærstu sveitarfélaga landsins. Suðurnesjabær raðar sér með fremstu sveitarfélögunum og er í meðaltali eða yfir meðaltali í flestum þáttum sem mældir eru. Þá raðast Suðurnesjabær númer tvö í könnuninni þar sem ánægja með þjónustu grunnskóla er mæld og einnig þegar spurt er hvernig starfsfólk sveitarfélagsins leysir úr erindi eða erindum fólks.*

*Suðurnesjabær raðast númer þrjú með 4.3 stig af 5, þar sem spurt er um hversu ánægt eða óánægt fólk er með sveitarfélagið sem stað til að búa á. Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að vinna áfram með niðurstöður með það að leiðarljósi að bæta þjónustu Suðurnesjabæjar.*

- 12.1 2001072 - Heilsueflandi samfélag í Suðurnesjabæ
- 12.2 2001070 - Suðurnesjabær - greining rekstrar og starfsemi
- 12.3 1910088 - Byggðakvóti fiskveiðiárið 2019-2020
- 12.4 2001055 - Vatnsveitur og rekstur þeirra
- 12.5 1906011 - Bókasöfn Suðurnesjabæjar
- 12.6 1911072 - Safnahelgi á Suðurnesjum 2020
- 12.7 1910006 - Könnun á viðhorfi íbúa
- 12.8 2001064 - Samband íslenskra sveitarfélaga landsþing 2020
- 12.9 1902040 - Suðurnes-samstarf um heimsmarkmið SP
- 12.10 1901001 - Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 breytingar
- 12.11 1904019 - Fjölskyldusvið starfsmannamál
- 12.12 2001084 - Suðurnesjabær - afskriftir
- 12.13 1903032 - Málþing og ráðstefnur

## **13. Hafnarráð - 8 - 2001002F**

Fundur dags. 09.01.2020.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

- 13.1 1912036 - Sandgerðishöfn - verkefnisáætlun
- 13.2 1806558 - Sandgerðishöfn lagfæring á innsiglingu
- 13.3 2001006 - Sandgerðishöfn - aflatölur 2019
- 13.4 1806805 - Gjaldskrá: Sandgerðishöfn
- 13.5 2001007 - Sandgerðishöfn - fjárhagsáætlun 2020
- 13.6 1912037 - Sandgerðishöfn - rekstur
- 13.7 1910034 - Samstarfshópur hafnsögumanna og skipstjóra
- 13.8 1904056 - Siglingaráð fundargerðir 2018 - 2019
- 13.9 1902093 - Hafnasamband Íslands fundagerðir 2019
- 13.10 1909022 - Fundargerðir samstarfsnefndar Fiskistofu og Hafnasambands Íslands

**14. Fræðsluráð - 14 - 2001009F**

Fundur dags. 21.01.2020.

*Til máls tók: EJP*

*Afgreiðsla:*

*Fundargerð lögð fram.*

*Samþykkt samhljóða að vísa máli sjö frá fundi fræðsluráðs til bæjarráðs til umfjöllunar.*

- 14.1 2001050 - Samræmd próf
- 14.2 1911026 - Átak til að bæta starfsumhverfi leikskóla í Suðurnesjabæ
- 14.3 1912012 - Stýrihópur um uppbyggingu nýs leikskóla í Suðurnesjabæ
- 14.4 1806427 - Heilsueflandi Samfélag
- 14.5 2001005 - Skólaþings sveitarfélaga 2019
- 14.6 1912050 - Áhrif laga nr. 95-2019 á launaröðun í leik- og grunnskólum sveitarfélaga frá 1.1.2020
- 14.7 2001051 - Menntastefna

**15. Framkvæmda- og skipulagsráð - 15 - 1912002F**

Fundur dags. 23.01.2020.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

- 15.1 1901001 - Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 breytingar
- 15.2 1911068 - Þinghóll 8 - umsókn um lóð
- 15.3 1907045 - Suðurnesjabær - fjárhagsáætlun 2020
- 15.4 1912008 - Flugvallakostir á suðversturhorni landsins - skýrsla

**16. Fjölskyldu- og velferðarráð fundargerðir 2020 - 2001056**

17. fundur dags. 14.01.2020.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerð lögð fram.*

**17. Öldungaráð Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga - 4 - 2001008F**

Fundur dags. 30.01.2020.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

- 17.1 1901021 - Öldungaráð Suðurnesjabæjar
- 17.2 1901053 - Öldungaráð Suðurnesja-fundargerðir 2019
- 17.3 1901021 - Öldungaráð Suðurnesjabæjar
- 17.4 1901021 - Öldungaráð Suðurnesjabæjar
- 17.5 1901021 - Öldungaráð Suðurnesjabæjar

**18. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fundargerðir 2020 - 2001054**

752. fundur stjórnar dags. 15.01.2020.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerð lögð fram til kynningar.*

**19. Heilbrigðisnefnd Suðurnesja fundargerðir 2020 - 2001110**

281. fundur dags. 30.01.2020.

*Til máls tóku: HH, EJP og ÓÞÓ.*

*Afgreiðsla:*

*Fundargerð lögð fram til kynningar.*

Fundi slitið kl. 19:10.

---

Einar Jón Pálsson

---

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

---

Haraldur Helgason

---

Ólafur Þór Ólafsson

---

Laufey Erlendsdóttir

---

Fríða Stefánsdóttir

---

Magnús Sigfús Magnússon

---

Pálmi Steinar Guðmundsson

---

Daði Bergþórsson

---

Bergný Jóna Sævarsdóttir

---